

Náms- og kennsluáætlun í íslensku

8. bekkur 2024 – 2025

Kennari/kennarar:

Anna Margrét Einarsdóttir, Guðný Svandís Guðjónsdóttir, Jóhanna Lára Eyjólfsdóttir, Sigrún Jóna Grettisdóttir og Vala Gísladóttir.

Námsgrein

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli sem skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess.

Aðalnámskrá gunnskóla 2011

Námsefni

Hjálp eftir Þorgrím Þráinsson, Kjalnesinga saga, kjörbækur, málfræðiverkefni, ljóðaverkefni, Smásagnasmáræði, Smátímasögur, Útbrot, Kveikjur, jólaverkefni.

Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stoðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi. Sjá frekari upplýsingar [á þessari vefslóð](#).

Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Form námsmatsverkefna eru fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Þannig eru metin munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Stundum er unnið að möppu eða vinnubók,

þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti. Með því móti má fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Í námsmati er einnig tekið tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra.

Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri. Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

Grunnþættir menntunar í íslensku	
Grunnþáttur	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	– tileinki sér jákvætt siðferði í samskiptum og orðræðu í kennslustundum og utan þeirra, – geri sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þar búa ef þeir hafa ekki varann á sér í samskiptum og skrifum á netinu,
Jafnrétti	– vinnur með námsefni og gerir verkefni sem höfða jafnt til allra kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu, – tekur tillit til skoðana annarra,
Lýðræði og mannréttindi	– sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi og skilur gildi lýðræðislegra vinnubragða, – tekur þátt í samstarfi í hóp á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, – fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólasamfélaginu,
Læsi	– vinnur verkefni sem reyna á umhverfislæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi á fjölbreyttan hátt,

	– getur lagt mat á trúverðugleika þeirra gagna sem hann vinnur með, – sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýnni hugsun,
Sjálfbærni	– skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli, – þjálfast í gagnrýnni hugsun á sjálfan sig og samfélagið,
Sköpun	– velur sér réttan miðil og aðferð við að koma hugsunum sínum, skoðunum og vinnu til skila á fjölbreyttan hátt, – fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með fjölbreytta útfærslu verkefna.

Lykilhæfni

Í íslensku er einnig horft til lykilhæfni við skipulag kennslunnar. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi sjá nánar [á þessari vefslóð](#).

Námsaðlögun:

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Fyrir sterka námsmenn þýðir það halda eins langt og hægt er og fyrir seinfæra þýðir það hugsanlega meiri stuðning innan og/eða utan kennslustofu. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 25. ágúst 2023 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

Stefna og reglur námsgreinarinnar

Samskipti	Einkennast af virðingu þar sem nemandi vinnur að markmiðum greinarinnar.
Mæting	Allir mæta á réttum tíma með bækur, tölvu, skrifffæri og önnur nauðsynleg gögn.
Virgni í tímum	Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og ganga jafnframt frá kennslugögnum í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.
Skil á verkefnum	Nemendur fylgja fyrirmælum skv. leiðbeiningum sem fylgja hverju verkefni sem lagt er fyrir. Þar koma viðmið skýrt fram sem og viðbrögð við seinum skilum.
Ritstuldur/svindl/notkun gervigreindar	Ekkert af þessu verður liðið í verkefnaskilum.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	www.mms.is (hljóðbækur og efni tengt námsbókum) https://nytt.skolavefurinn.is/ https://malid.is/

	https://snara.is/
Skyldur nemenda	Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafa farsíma og önnur tæki (þ.m.t. heyrnartól) í töskum eða í símateppi, fylgja fyrirmælum og fylgjast með heimavinnu á www.infomentor.is
Skyldur kennara	Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemendur áfram í náminu.
Stoðþjónusta nemenda	Minni hópar
Hlutverk foreldra	Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum (úr Aðalnámskrá).

Áætlun skólaársins 2023-2024 í íslensku

Tímabil	Náms- og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
19.-23. ágúst 22. skólasetning	Upprifjunarhefti, málfræði	Tamið sér vönduð og skipulögð vinnubrögð við uppsetningu og frágang texta.	Hjálp: Vinnubók og próf. Fallorð: Málfræðikönnun Stafsetning: Upplestur og aðrar æfingar
26.-30. ágúst	Bókmenntir: Hjálp Málfræði: Málið í mark – Fallorð	Samið texta sem beitt er eigin sköpun.	
2. – 6. september	Stafsetning: Valdar reglur og æfingar	Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, skriflegan og myndrænan.	
9.-13. september	Málfræði: Málið í mark - Fallorð	Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	
16. – 20. september	Lesfimi	Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkingar. Lesið texta við hæfi með góðum hraða.	
23. – 27. september 27. starfsdagur	Hjálp - könnun Bókmenntir: Smásagnasmáræði og Smátímasögur (3-4 vikur).	Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, skriflegan og myndrænan.	Smásögur: Plakat og próf.
30. sept. – 4. október		Geti unnið verkefni á sjálfstæðan og skapandi hátt.	
7. -11. október			

14. – 18. október 16. samskiptadagur	Bókmenntir: Smásagnasmáræði og Smátímasögur. Framhald. Málfræði: Málið í mark - Fallorð Ritunarverkefni Orðarún könnun	Beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.	Ritunartextar metnir.
21. – 25. október 24. - 25. vetrarfrí 28. okt. - 1. nóv. 28. okt. vetrarfrí 4. – 8. nóvember 11. – 15. nóvember 18. – 22. nóvember 22. nóv. starfsdagur	Bókmenntir: Kjalnesinga saga Málfræði: Málið í mark – Fallorð Ritun og orðavinna Örsögur	Unnið vel og farið eftir fyrirmælum. Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, skriflegan og myndrænan. Gert sér grein fyrir helstu einkennum Íslendingasagna. Geti unnið verkefni á sjálfstæðan og skapandi hátt. Unnið vel og farið eftir fyrirmælum. Beitt þekkingu sinni í að finna fallorð og greina undirflokk þeirra. Beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.	Útbrot: Verkefni/heimanám á Classroom Fallorð: Málfræðikönnun Ritun: Skil á verkefnum Stafsetning: Upplestur og aðrar æfingar Könnun og verkefni.

		Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.	
25. – 29. nóvember	Jólaverkefni – hópavinna Leshópar – lesskilningur og orðavinna Stafsetning: Valdar reglur og æfingar	Beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.	Skil á verkefnum Stafsetning: Upplestur og aðrar æfingar
2. – 6. desember		Geti unnið verkefni á sjálfstæðan og skapandi hátt.	
9. – 13. desember		Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkingar.	
16. – 20. desember			
20. des. jólaskemmtun			
Jólaeyfi			
1. – 5. janúar 1. nýársdagur 2. frídagur	Ljóð og ljóðahugtök Málfræði: Málið í mark – Óbeygjanleg orð Bókmenntir: Málfræði: Málið í mark – Óbeygjanleg orð	Beitt nokkrum hugtökum, til að fjalla um form og innihald ljóða.	Hjálp: Vinnubók og könnun Málfræði: könnun
8. – 12. janúar		Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, skriflegan og myndrænan.	
15. – 19. janúar			
22. – 26. janúar			
29. jan. – 2. feb.		Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.	

		Beitt þekkingu sinni í að finna óbeygjanleg orð í texta og greint í undirflokk þeirra.	
5. – 9. febrúar 5. samskiptadagur 6. starfsdagur 12. – 16. febrúar 14. öskudagur	Bókmenntir: Málfræði: Málið í mark – Óbeygjanleg orð		Könnun úr ljóðhugtökum og skil á verkefnum
19. – 23. febrúar 19. og 20. vetrarfrí 26. – 1. mars 4. – 8. mars 4. starfsdagur 11. – 15. mars 14. árshátíð ungl. 18. – 22. mars	Stafsetning: Valdar reglur og æfingar Málfræði: Málið í mark – Óbeygjanleg orð	Geti unnið verkefni á sjálfstæðan og skapandi hátt. Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, skriflegan og myndrænan. Gert sér grein fyrir helstu einkennum Íslendingasagna	Könnun og hópverkefni Málfræði: könnun Stafsetning: Upplestur og aðrar æfingar
Páskaleyfi			
1. – 5. apríl 1. annar í páskum 8. – 12. apríl 15. – 19. apríl	Kjörbók: Þrjár bækur lesnar og skýrslur skrifaðar Ritun/heimildavinna: unnin í skólanum	Unnið vel og farið eftir fyrirmælum. Aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni,	Skil á bókaskýrslum Ritun: skil á verkefnum

17. starfsdagur		unnið úr þeim og nýtt sér við lausn verkefna.	
22. – 26. apríl 25. sumardagurinn fyrsti 26. frídagur 29. – 3. maí 1. verkalýðsdagurinn 6. – 10. maí 9. uppstigningardagur	Framsögn: Valin verkefni Ritun: Stutt ritunarverkefni og orðavinna Stafsetning: Valdar reglur og æfingar	Tjáð sig skýrt og áheyrliga fyrir framan hóp og náð góðum tengslum við áhorfendur. Beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkingar.	Framsögn: Þátttaka Ritun: Skil á verkefnum Stafsetning: Upplestur og aðrar æfingar
13. – 17. maí 17. starfsdagur 20. – 24. maí 20. annar í hvítasunnu 27. – 31. maí 3. – 6. júní 5. skólaslit 10. bekk 6. skólaslit 1.–9. bekk	Vorverkefni: Fréttir og fréttatengt efni	Aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt sér við lausn verkefna.	Skil á verkefnum